



ADHD
samtökin

Alþingi
Erindi nr. P 135/1154
komudagur 23.1.2008
Reykjavík 21. jan. 2008

Menntamálanefnd Alþingis,
150 Reykjavík

Umsögn ADHD samtakanna um eftirtalin frumvörp til laga um :

Grunnskóla, 285. mál
Framhaldsskóla, 286. mál
Leikskóla 287. mál
Menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál

Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við þrjú þessara frumvarpa.

Frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál

Almennt eru ADHD samtökin ánægð með breyttar áherslur í þessu frumvarpi þar sem nemendur eru hafðir í forgrunni. Það er sérstakt fagnaðarefni að skóli án aðgreiningar skuli nú lögfestur. Ekki er þó hjá því komist að gera eftirfarandi athugasemdir.

17. gr. frumvarpsins

Í 2. málsgrein 17. greinar frumvarpsins er skilgreining á því hverjir teljast vera nemendur með sérþarfir og er margt gott í þeirri skilgreiningu, þar segir „Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.“ ADHD eða athyglisbrestur og ofvirkni er þroskaröskun og rannsóknir benda til þess að um 5 – 10% barna eigi við þessa erfiðleika að stríða. ADHD samtökunum finnst ástæða til að benda á mikilvægi þess að orðalag frumvarpsins sé það skýrt að ljóst megi vera hvaða börn um ræðir. Því er hér lagt til að í skilgreiningunni verði barna með þroskaröskun getið sérstaklega. Hjá Tryggingastofnun ríkisins heyra börn með ADHD undir skilgreininguna börn með þroskaröskun.

Samtökin gera ennfremur alvarlegar athugasemdir við 5. málsgrein 17. greinar frumvarpsins þar sem segir „Ef ekki næst samkomulag milli foreldra og grunnskóla um fyrirkomulag skólavistunar nemenda samkvæmt þessari grein skal skólastjóri taka ákvörðun í málinu.“ ADHD samtökin telja að með þessu nýmæli laganna sé mikið vald fært frá foreldrum til skólustjórnenda og er hér um að ræða grundvallarbreytingu frá því sem er í núgildandi lögum. Kveðið er á um kærurétt foreldra og vilja samtökin ítreka mikilvægi þess að ferli kærumála í grunnskólanum þarf að vera mjög skýrt og skilvirkt til að það nýtist til úrlausnar deilumála. Þegar tveir aðilar deila getur það varla verið góð stjórnsýsla að annar þeirra geti skorið úr málinu. Það verður að vera hægt að skjóta því til óháðs aðila sem gefur sjónarmiðum beggja deiluaðila gaum. Þann aðila þarf að skilgreina

Samtökin benda á að í frumvarpinu er lögð mikil áhersla á ábyrgð og skyldur foreldra gagnvart skólagöngu barna sinna. Því til stuðnings má nefna að í 2. málsgrein 3. greinar stendur „Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna.“ Því skýtur það nokkuð skökku við að þegar kemur að því að taka ákvörðun um fyrirkomulag skólavistar nemenda með sérþarfir skuli skólastjórum vera betur treystandi en foreldrum.

Samtökin telja með öllu óásættanlegt að frumvarpið verði samþykkt með þessu ákvæði. Rétt er að benda á að sambærileg ákvæði er hvorki að finna í frumvarpi til laga um leikskóla né til framhaldsskóla og ekki koma fram nein rök fyrir því að öðruvísi skuli staðið að málum í grunnskólum.

Skóli án aðgreiningar kallar á að skólar endurskoði vinnubrögð sín og viðhorf og gangi út frá því sem gefnu að allir nemendur hverfisins eigi að fá þar kennslu við hæfi. Það að lögfesta ákvörðunarvald skólastjóra um hverjir megi hefja skólagöngu í sínum hverfissskóla er í mótsögn við grunnforsendur skóla án aðgreiningar og mun torvela framkvæmd skóla án aðgreiningar og þannig vinna gegn þessum mikilvæga tilgangi laganna.

18. gr. frumvarpsins

Í 2. málsgrein 18. gr. frumvarpsins segir „Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess.“ Ennfremur segir „Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.“ Mjög þarft er að hafa skýr ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga í skólasamfélaginu bæði í rituðu og töluðu máli. Á sama tíma er mikilvægt að geta þess að þeim sem gæta trúnaðarupplýsinga er jafnframt skylt að veita þeim starfsmönnum skólans sem sinna nemanda með sérþarfir upplýsingar um greiningar og þá erfiðleika sem nemandinn glímir við í samráði við forsjáraðila að sjálfsögðu. Mikill misbrestur er á slíkri upplýsingamiðlun sem dregur þá úr nytsemi greininga sem kostað er til. Ennfremur má benda á að ástæða er til að starfsmenn fristundaheimila fái upplýsingar um greiningar barna sem þar vistast í samráði við forsjáraðila.

20. gr. frumvarpsins

Lagt er til að sett verði inn í grunnskólalög sambærilegt ákvæði um skólahúsnæði eins og er að finna í frumvarpi til leikskólalaga „Gera skal ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu“ (12. grein). Börn með ADHD þrífast best í litlum hópum. Víða í nýju skólahúsnæði þar sem fleiri bekkjardeildir eru saman í opnu rými er ekki tekið tillit til þess hvað slíkt fyrirkomulag reynir á úthald barna með ADHD og er í raun í algjörrri mótsögn við þarfir þeirra.

27. gr. frumvarpsins

Hér er fjallað um námsmat og fær skólinn nokkuð frjálssar hendur varðandi útfærslu á þessum málum. Samræmd próf eru felld niður í 10. bekk en í staðinn er talað um könnunarpróf sambærileg við 4. og 7. bekkjar könnunarprófin. Ekki er sjáanlegur munur nema að prófum í 10. bekk hefur fækkað sem er jákvætt en ennþá koma þessi próf til með að valda nemendum með ADHD vandkvæðum og hafa áhrif á hvaða framhaldsskóla þau fá inngöngu í.

28. gr. frumvarpsins

Ekki er kveðið á um lengd kennslustunda, frímínútur og matarhlé, hverjum skóla virðist vera sjálfrátt hvernig þessu er háttað. Nemendur með ADHD sem þurfa regluleg hlé á milli kennslustunda geta þurft að sitja í 120 mín án þess að fá frímínútur. Bent skal á að fyrir

nemendur með ADHD getur skipt miklu máli að fá reglulegar frímínútur og matarhlé til að hafa úthald og halda einbeitingu allan skóladaginn.

33. gr. frumvarpsins

Ástæða er til að minna á mikilvægi félagslegrar þátttöku nemenda með sérþarfir.

Í 33. grein frumvarpsins er til staðar heimild til sveitarfélaga að bjóða uppá tómstundastarf og lengda viðveru. Að mati ADHD samtakanna er slík þjónusta ein af forsendum fyrir skóla án aðgreiningar. Bent skal á að úrræði grunnskólans t.d. fyrir félagslega einangraða nemendur í 4. – 7. bekk eru mjög veik. Ef nokkur leið er til þess í lagafrumvarpi eða reglugerðum að kveða sterkar á um skyldur skólasamfélagsins til að skapa þessum börnum félagslegt öryggisnet með hópvinnu frá upphafi til enda skólaársins, þá væri með því lagður grunnur að mikilvægu forvarnastarfi fyrir aldurshóp sem er mun móttækilegri fyrir stuðningi en þegar komið er fram á unglingsárin. Félagsleg einangrun er stórt vandamál hjá börnum með sérþarfir og hefur áhrif á líðan barnanna, námsárangur, bekkjarstarf og fjölskyldu þeirra. Slíka hópvinnu væri hægt að vinna í samráði við félagsþjónustu sveitarfélaga og starfsmenn íþrótt- og tómstundaráða. Lítil sem engin úrræði eru í samfélaginu almennt fyrir félagslega einangruð börn, þar sem fram fer markviss þjálfun í samskiptum og félagsfærni. En félagsleg einangrun getur leitt til kvíða, þunglyndis, sjálfsvígshugsana, andfélagslegrar hegðunar og vímuefnamisnotkunar.

40 gr. frumvarpsins

ADHD samtökin lýsa yfir ánægju með að í frumvarpi til laga um grunnskóla er stigið mikilvægt skref varðandi sérfræðiþjónustu við börn með sérþarfir. Þar segir í 3. málsgrein “Sérfræðiþjónusta sjái um að greining fari fram, skilar tillögu til skólasstjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.” Ennfremur segir í 5. málsgrein “Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.” Vegna þess hversu margir aðilar koma að málum barna með sérþarfir er þverfaglegt samstarf sérlega mikilvægt til að tryggja að sú þjónusta sem hver og ein stofnun veitir nýtist barninu og fjölskyldunni. Í viðauka er nefnt að sjúkrapjálfun, iðjupjálfun og talkennsla felist í þessum úrræðum, sem er jafnframt mjög jákvætt að mati samtakanna.

Almennt um frumvarp til laga um grunnskóla

ADHD er ekki skilgreint sem fötlun á Íslandi, sbr. skilgreining á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, þar af leiðandi hefur þjónusta við þennan stóra hóp barna fram til þessa verið tilviljanakennd og illa skilgreind í skólasamfélaginu. Ef foreldrar hefðu í höndum bækling útgefinn af menntamálanefnd eða ráðuneytinu þar sem skýrt væri kveðið á um rétt nemenda með ADHD til stuðningsúrræða og sérkennslu í samræmi við metnar sérþarfir þá væri öllum viðkomandi mikill greiði gerður og hægt væri að fyrirbyggja mörg ágreiningsmál sem torvela mikilvægt samstarf heimila og skóla, fyrir utan að bitna fyrst og síðast á viðkomandi nemendum. Tillögu um slíka útgáfu er hér með komið á framfæri.

Ennfremur gæti löggjafinn með þessu lagafrumvarpi eða í reglugerð kveðið á um að í grunnskólum skuli vera verkferlar í málum nemenda með sérþarfir, etv. sérstaklega í málum þeirra nemenda með sérþarfir þar sem ekki er hægt að styðjast við lög um málefni fatlaðra. Skýrir verkferlar eru leiðarvísar fyrir kennara og ekki síður fyrir foreldra og skýra á sama tíma óljósa stöðu og rétt nemanda með sérþarfir, til stuðnings og sérkennslu. Rannsóknir hjá KHÍ

hafa leitt í ljós að börn með ADHD eru stærsti streituvaldurinn í starfi grunnskólakennara og má það örugglega að hluta til rekja til þess að ekki hefur fram til þessa verið nógu skýrt í grunnskólalögum hver staða þessara nemenda er og hvaða rétt þau hafa til stuðnings og sérkennslu. Foreldrar barna með ADHD fá mjög gjarnan þau svör hjá skólastjórnendum að ekki sé til fjármagn til að veita barni þeirra stuðning eða sérkennslu. Neyðarúrræði kennara er þá að fá foreldri til að vera með nemandanum öllum stundum í skólanum svo vikum og mánuðum skiptir, þess eru dæmi. Auk þess er gjarnan gripið til þess ráðs í grunnskólanum að útiloka nemanda með ADHD frá skólaferðalögum vegna þess að ekki er til fjármagn til að fá stuðningsfulltrúa til að fylgja nemandanum. Slíkt á ekki að viðgangast í skóla án aðgreiningar, en foreldrar hafa sem stendur ekkert í höndunum til að fyrirbyggja að grunnskólinn brjóti með þessum hætti á rétti barnsins.

Því er þörf annars vegar á skýrum verkferlum í grunnskólanum í málum barna með sérþarfir sem ekki gilda um lög um málefni fatlaðra. Hins vegar er þörf á skýrum áfrýjunarleiðum þegar ágreiningsmál koma upp. Ekki ósvipað og er hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Grunnskólinn er þjónustustofnun fyrir börn og það hlutverk þarf að lögfesta.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál

ADHD samtökin fagna ákvæðum um lengingu fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og telja að með því móti megi draga stórlega úr brottfalli nemenda úr framhaldsskóla öllum til góðs.

34. gr. frumvarpsins

Í þessari grein frumvarpsins um nemendur með sérþarfir segir í 1. málsgrein „Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. skilgreining á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi.“ Í þriðju málsgrein segir „Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.“ Ennfremur segir í 4. málsgrein „Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.“ ADHD samtökin vilja hér sem í frumvarpi til laga um grunnskóla gera athugasemd við það að ekki er í þessum skilgreiningum skýrum orðum fjallað um þann stóra hóp nemenda sem greinist með þroskaröskun.

Almennt um frumvarp til laga um framhaldsskóla

Svipað gildir um framhaldsskólann og grunnskólann að þjónusta við börn með sérþarfir sem ekki flokkast undir lög um málefni fatlaðra hefur fram til þessa verið illa skilgreind og tilviljanakennd. Samkvæmt rannsóknum hjá Rannsóknum og greiningu eru nemendur með sérþarfir fjölmennur hópur meðal svokallaðra brottfallsnema. Nú með lagafrumvarpi um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs þarf löggjafinn að huga að því að kveða í lagafrumvarpi eða reglugerðum skýrt á um hver réttur nemenda með sérþarfir er til stuðnings og sérkennslu, skylda framhaldsskólann til að viðhafa skýra verkferla í málum nemenda með sérþarfir og hafa skýrar áfrýjunarleiðir. Aftur er þeirri tillögu hér með komið á framfæri að menntamálanefnd eða ráðuneytið gefi út bækling um rétt nemenda með sérþarfir til stuðnings og sérkennslu á framhaldsskólastiginu til að fyrirbyggja ágreiningsmál.

Ennfremur er þeirri tillögu hér með komið á framfæri að ein leið til að koma til móts við þarfir nemenda með sérþarfir á framhaldsskólastiginu er stofnun lýðskóla að norrænni fyrirmynd. Lýðskólar t.d. í Danmörku hafa það hlutverk að skapa þroskavænlegt umhverfi þar

sem er mikið framboð af verklegum og skapandi greinum, svo nemendur fái tækifæri til að finna áhugasvið sitt og styrkleika í vernduðu skólaumhverfi. Ungt fólk með ADHD er oft á tíðum með brotna sjálfsmynd eftir erfiða grunnskólagöngu. Þau eru því í brýnni þörf fyrir jákvæða örvun og sjálfsstyrkingu sem gerir þeim frekar kleift að finna sér farveg í lífinu. Í dönskum lýðskólum er töluvert af nemendum með ADHD og aðrar þroskaraskanir, sem og nemendur með félagsleg vandamál.

Almennt um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál

Að gefnu tilefni skal bent á að ef skóli án aðgreiningar á að verða að raunveruleika í íslensku skólasamfélagi eins og lagafrumvörp þessi kveða á um, þá þarf á sama tíma að koma til aukin fræðsla fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla um börn með sérþarfir og kennsluaðferðir sem skila árangri í vinnu með þeim. Auk þess þarf að koma á sérhæfðum ráðgjafateymum innan skólanna bæði á grunn- og framhaldsskólastigi sem eru sérhæfð í málefnum barna og ungmenna með sérþarfir, sem nokkurs konar faglegt bakland fyrir kennara og annað starfsfólk skólanna. Í hinu almenna kennaranámi héraendis er því miður enn sem komið er takmörkuð umfjöllun um nemendur með sérþarfir, nema etv. í þroskaþjálfanáminu.

Auk þess þyrfti að fjölga fagfólki ss. þroskaþjálfum, iðjuþjálfum, sálfræðingum, listmeðferðarfræðingum, sérkennurum og námsráðgjöfum á báðum skólastigum.

Að lokum skal bent á að í skóla án aðgreiningar er kennurum ætlað að koma til móts við vaxandi fjölda nemenda með sérþarfir sem og aukinn fjölda útlendra nema. Þá gefur auga leið að kennarastarfið er mun flóknara og meira krefjandi en oft áður og því væri ekki vanþörf á því að kennarastéttin kæmi sér upp virku handleiðslukerfi til að kennarinn standi ekki uppi einn og óstuddur með flókna samsetningu nemenda og ótal kröfur úr öllum áttum, en etv. lítil úrræði bæði innan sem utan skólans. Þessi síðasta ábending á etv. ekkert erindi við löggjafann en er látin fljóta með.

Fyrir hönd stjórnar ADHD samtakanna,



Ingibjörg Karlsdóttir formaður